

**Kristín Halldórsdóttir:**  
**Skýrsla þingfloks, flutt á Landsfundi**  
**Kvennalistans í Gerðubergi 13.-15. nóv. 1987.**

Það var auðvitað stór stund og mikil gleðistund á sl. vori, þegar ljóst var, að litli þingflokkurinn okkar hafði tvöfaldað stærð sína - og reyndar meira en það, því Anna og Guðrún teljast til þingfloksins í sinni þrengstu merkingu. Og þá var það ekki sist fagnaðarefni, að tvær okkar skuli teljast fulltrúar landsbyggðarinnar. Reyndar stendur ein okkar, þ.e.a.s. ég, í þeim undarlegu sporum að vera fulltrúi kjördæmis, sem skiptist í þrjá ólika heima, þ.e. höfuðborgarsvæði, sjávarútvegsbyggðir og algjöra sveit. Þar að auki hef ég nú alið hálfan minn aldur norður í landi, svo ég leysi venjulega þetta flókna mál með því að segja að ég sé fulltrúi fyrir landið allt og miðin! Og það erum við í raun og veru allar og leituðumst við að vera meðan við vorum færri.

Tíminn líður svo fjarska hratt hjá þeim, sem eru að skrifa söguna - mér finnst nærri því, að við höfum verið hér saman á landsfundi fyrir mánuði eða svo - en það mun vera orðið ár - og mikið, mikið búið að gerast.

Okkur óraði varla fyrir því, þegar við vorum hér saman á landsfundi síðast, hvernig staða okkar er orðin nú. En um það allt verður fjallað nánar hér á eftir.

Ég ætla ekki að fjalla um síðasta veturni í löngu máli. Hann var þingflokknum okkar bæði erfiður og skemmtilegur eins og gengur og dró vitaskuld fyrst og fremst svip sinn af kosningunum í apríl, sem hafði áhrif á allt þingstarf og samskipti við aðra þingflokk. Ég gæti auðvitað lýst fyrir ykkur glimu okkar í hinum margvislegustu málum, en ég ímynda mér að þið vitið sitt af hverju um það og hafið kannski meiri áhuga á því sem nær er. En það er eitt sem mig langar að koma inn á, áður en ég sný mér að störfum hins nýja þingfloks.

Ein okkar þriggja, sem myndaði þennan litla sæta í brautryðjendaholunum á síðasta kjörtímabili, er ekki með okkur núna, því miður. Hún hefur lagt mikið af mörkum í kvennabaráttunni og átti sinn stóra þátt í að móta allt starf okkar á þingi. Hún er nú erlendis, en hefði hún verið hérna,

pá hefði ég beðið ykkur að þakka henni með lófataki. Og kannski er allt í lagi að gera það þó hún sé ekki viðstödd - kannski heyrir hún.

Eigum við ekki að klappa fyrir Sigriði Dúnu Kristmundsdóttur?

Fyrstu vikurnar eftir kosningar voru tölувert annasamar og æsandi eins og þið vitið, en Þórhildur kemur nánar inn á það hér á eftir. Að stjórnarmyndunarviðræðunum loknum vorum við býsna móðar, en ósárar, og ætluðum okkur að hvílast og safna kröftum fyrir mikla og ítarlega vinnu við undirbúning þingstarfa. Sumarmánuðirnir liðu nú kannski á svolitið annan veg en við ætluðum, því mestu annirnar voru fólgnar í því að ansa ýmiss konar kvabbi og að tala við erlenda fjölmörga. Við reyndum auðvitað að skipta því systurlega, og það voru ekki síður konur utan þingfloksins sem stóðu í þessu, en í þetta fór ótrúlegur tími hjá okkur öllum. Ég held að þessi gífurlegi áhugi hafi komið okkur öllum talsvert á óvart. Við höfum reyndar alveg frá upphafi átt miklum áhuga að mæta utanlands frá, en þessi ósköp í sumar keyrðu gjörsamlega um þverbak.

Óneitanlega vorum við stundum þreyttar á þessu ónæði, en líka ánægðar með það, því það er sannarlega hvetjandi að finna þennan mikla áhuga og skynja áþreifanlega, að það sem við erum að gera hér, hefur ekki bara þýðingu fyrir okkur, heldur líka fyrir konur úti í heimi. "Þið gerið ykkur ekki grein fyrir því, hvað við horfum mikið hingað," sagði blaðakona hjá því virta tímariti MS í Bandaríkjunum, sem dvaldi hér vikutíma í sumar til að kynnast þessu fyrirbrigði, Kvennalistanum. Við komumst auðvitað ekki hjá því að átta okkur á því, enda erum við minntar á þetta næstum daglega. Seinast í þessari viku voru tvær okkar í löngu viðtali við finnskt sjónvarp og hluti af þingfloksfundatíma síðustu vikur fór í umræður um beiðnir, sem okkur hafa borist um að senda fulltrúa - með ræður að sjálfsögðu í pússinu - á ráðstefnur og þing sem framundan eru í Kanada, Bretlandi og Írlandi, svo dæmi séu tekin.

Þetta er reyndar töluberð ábót á allar þær ráðstefnur og fundi sem haldnir eru hér innanlands og okkur berast boð á. Og

oft þurfum við að leggja til ræðumanneskjú, svo að þetta getur verið hið mesta púsl. Það er oft vandi að velja og hafna.

Svona rétt til að gefa ykkur hugmynd um þessa fundasúpu, þá þurftum við nýlega að senda fulltrúa á landsþing Proskahjálpar, Náttúruvernararráðsþing, ráðstefnu um húsnæðismál og aðra um manneldismál, ráðstefnu um dagvistarmál og enn eina um stöðu barna í þjóðféluginu. Þar talaði reyndar Guðrún Agnars og einnig á ráðstefnu, sem haldin var í gær um rannsóknir á Íslandi. Framundan eru ráðstefna um stóriðju, þar sem Kristín Einars mun tala, ráðstefna um öku kennslu og umferðarmenningu, þar sem ég mun tala, ráðstefna um leikhúsrekstur, þar sem Þórhildur talar, ráðstefna um hlutverk ungmennafélaganna, ráðstefna um nýjungar í nýtingu jarðhita.

Stundum finnst manni fullmikið af hinu góða, þótt eftir miklu sé oft að slægjast, en flestar þessara ráðstefna eru að sjálfsögðu haldnar um helgar, þegar maður gæti kannski hugsað sér að slaka á. Ein merkileg ráðstefna rekst á okkar ágæta fund hér, ráðstefna um byggðamál á Selfossi, sem Danfriður sótti reyndar í gær.

En nú er ég farin að þeytast svolitið fram og aftur í tíma. Sumarið fór sem sagt eins og oft endranær í dálitið óskipulagt kaos, eins og sagt er á því ylhýra. Þegar leið að hausti urðu þingflokkusfundir tíðir, og þá tókum við fyrir ýmsa málaflokka, ræddum þá fram og aftur, þessar "gómlu og reyndu" miðluðu eins og þær gátu, og við fengum til okkar gesti til upplýsinga og skoðanaskipta. Í ~~þ~~agur tími fór til dæmis í blesсаða hvalina okkar, við fengum til okkar visindamenn og fulltrúa beggja sjónarmiða og ræddum þetta fram og aftur í okkar hópi. Auk þess ræddum við að sjálfsögðu fyrirhuguð þingmál.

Þannig reyndum við að búa okkur sem best undir þingstörfin í veturn.

Það var reyndar hin besta skemmtun að fara yfir þessa ágætu bók, sem ég er hér með og geymir fundargerðir þingflokkusunda. Þar kemur t.d. í ljós að við höfum haldið 84 skráða þingflokkusundi frá síðasta landsfundi, þar af 56 það sem af er þessa kjörtímabils, og rifjaðist nú ýmislegt upp þegar ég

renndi yfir þetta, en á sumt hef ég þegar drepið, og annað tilheyrir stjórnarmyndunarviðræðunum. Nokkur tími fór í skiptingar í nefndir og önnur störf innan og utan þings.

Við tökum þátt í stjórnun þingsins með því að Þórhildur er formaður þingfloksins, sem er oft mjög annasamt starf, Guðrún Agnars er 1. varaforseti Ed. og Danfriður er skrifari í Sameinuðu þingi.

Nefndir: Danfriður er í landbn., sjútvn. og menntmn. Ed., Guðrún Agnars er í félmn, heilbr.- og trn. og allshn. Ed.; auk þess áheyrnarfulltrúi í fjh.- og viðskn. Ég er í fjh. og viðskn. Nd. og allshn. Sp., Kristín Einars er varafulltrúi í utanrmn., iðnn. og félmn. Nd. Málmfriður er í fjvn. og samgn. Nd. og Þórhildur í menntmn. Nd. og félmn. Sp.

Auk þess er Danfriður fulltrúi í Vestnorðræna þingmannaráðinu, Grænland, Færeyskum, Ísland, og tengiliður þingfloksins við Áskulýðsráð. Málmfriður er í samstarfsnefnd Alþingis og kirkjunefnd, KH situr í ráðgjafarnefnd um fiskveiðistjórnun, en Danfriður situr í þingmannanefnd um sama mál.

Það sem af er þingtíma hefur sannarlega verið nóg að gera, þótt fréttir af þinginu bendi kannski ekki beint til þess að menn vinni þar yfirleitt af fullri alvöru. Við höfum átt frumkvæði að nokkrum þingmálum, 7 þáltill, 1 frv., 1 skýrslubeiðni og 10 fsp., nokkur eru í burðarliðnum og önnur enn bara í kollinum á okkur. Annars liggja þingmálin hér frammi, ég hvet ykkur til að kynna ykkur þau og koma með fyrirspurnir, athugasemdir og hugmyndir.

Mikill tími hefur, eins og alltaf vill verða, farið í viðbrögð við gerðum annarra þingmanna og ríkisstjórnarinnar, umræður utan dagskrár, umræður um fjárlagafrv, og umr. um stefnuræðu forsrh., sem þið hafið vonandi sem flestar getað fylgst með. Það var mjög eftirminnilegt kvöld, sem við getum verið stoltar af, hálfur þingflokkurinn flutti sínar jómfrúrræður á þingi og hinn helmingurinn sat með rjóðar kinnar af stolti. Á þingpöllum sátu svo fjölmargar kvennalistakonur og fylgdust með, og þegar við komum fram á ganginn eftir

þingfund, var stiginn fullur af fólk (auðvitað aðallega konum), sem klöppuðu fyrir þeim, sem þarna stigu í fyrsta sinn í ræðustól Alþingis. Sérstaklega ber að geta þess, að nokkrar konur úr Vesturlandi létu sig ekki muna um að keyra alla leið úr Staðarsveit og til baka til að styðja við bakið á sinni konu og verða í eigin persónu vitni að þessum tímamótaatburði. Ég veit ekki, hvort þið gerið ykkur allar grein fyrir því, hvað stuðningur af þessu tagi er mikils virði.

Nú, þetta er nú orðið mikið mál og mest um fortíðina, enda erfitt að gefa skýrslu um framtíðina. Framhaldið verður á svipuðum nótum. Við höfum fengið í hendurnar skrá yfir þau mál, sem rikisstjórnin hyggst leggja fram, samtals 104 frv.  
...(fara ögn í listann)

Við biðjum ykkur endilega að halda vöku ykkar og hafa samband ef þið viljið koma á framfæri skoðun eða vitneskju og bregðast vel við, ef til ykkar verður leitað. Sama gildir auðvitað um frumkvæðisvinnu, tillögur og vinnu að þingmálum.

Og þá er ég komin að lokapættinum í mínu máli og það er um tengsl þingfloksins við aðrar konur í grásróttinni. Ég legg áherslu á "aðrar konur í grásróttinni" því okkur sárnar það mikið ef við erum ekki taldar til grásróttarkvenna. Það örlar vissulega á því innan hreyfingarinnar, að okkur sé stillt á sérstakan bás og ekki álitnar sömu grásróttarkerlingarnar um leið og við erum orðnar ýlustrá á Alþingi. Þetta er auðvitað ekkert óeðlilegt, en við skulum vinna gegn þessu með öllum ráðum. Okkur þessum ýlustráum er mikið í mun að halda og efla tengsl við grásróttina og stuðla að virkni í hreyfingunni.

Við höfum heyrt raddir um það, að við ræktum þessi tengsl ekki nægilega vel, og við viljum bregðast við því. Hins vegar bið ég ykkur að muna það, að það er aðalsmerki kvennalistakvenna að láta ekki sitja við það eitt að gagnrýna, heldur lita í eigin barm og athuga, hvað þær geti sjálfar til málanna lagt.

Við höfum rætt ýmsar leiðir til þess að efla tengsl og virkni og tryggja að þingflokkurinn einangrist ekki.

Ég vil nefna hér tvær: Þingráðsfundir verði teknir upp aftur og verði haldnir hálfsmánaðar- eða mánaðarlega, þar sem þingkonur skiptast á um að mæta tvær og tvær í einu til að skýra gang þingmála og auk þess verði teknir fyrir einstakir málaflokkar, sem verði þá gjarna undirbúnir af konum utan þingfloksins svipað og var.

Þessa fundi eiga konur vitaskuld misjafnlega auðvelt með að sækja, það er alltaf höfuðverkur, hvernig við getum jafnað þann aðstöðumun eða öllu heldur dregið úr honum. Þá komum við að hinni leiðinni, sem við höfum velt fyrir okkur, og hún er sú að þingkonurnar skiptist á um að hafa símatíma, t.d. einu sinni í viku, og það yrði auglýst í fréttabréfi. Ég bið ykkur að hugsa þetta og hvaða tími yrði heppilegastur.

Ég vil svo enda þetta spjall mitt um störf þingfloksins á því að lýsa ánægju minni með hann. Við lögðum mikið upp úr því á fyrsta kjörtímabilinu að vinna vel saman, ná samstöðu í sem allra flestum málum og styðja vel við bakið hver á annarri. Mér til mikillar ánægju virðist allt ætla að ganga á sama veg í nýjum og stærri þingflokk. (Við vorum svolitið taugaóstyrkar og hvumpnar, meðan við vorum að átta okkur og finna rétta taktinn, en hann er fundinn.) Það skiptir svo ótrúlega miklu mál, að skrifa söguna með samstilltum dráttum.